

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti  
150 Reykjavík  
(sent rafrænt á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is))

Ísafirði 13. febrúar 2014

*Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum, 143. löggjafarþing, 251. mál.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar beiðni nefndarinnar og frest sem veittur var til að skila umsögn vegna seinkunar á kynningu á efni frumvarpsins á Vestfjörðum.

FV byggir athugasemdir sínar við framkvæmd málsins á grundvelli greinargerðar sem fylgir frumvarpinu og kynningu innanríkisráðherra á fjarfundi á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði þann 10. febrúar s.l..

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins hefur mál þetta fengið vandaðan undirbúning. Markmið eru skýr og leiðum að markmiðum er vel lýst. Á grundvelli þessa þá styður FV markmið frumvarpsins og þeim áherslum sem lagðar eru til grundvallar.

Stuðningur FV er með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til núverandi stöðu landssamgangna og gagnaflutningskerfis á Vestfjörðum við innleiðingu laganna. Ekki eru til staðar heilsárssamgöngur á milli nema hluta núverandi umdæma lögregluembættis á Vestfjörðum, þ.e. á milli Bolungarvíkur, Ísafjarðar og Hólmavíkur. Heilsárssamgöngur eru ekki við Patreksfjörð. Í gagnaflutningskerfi vantar tengingu með ljósleiðara til Hólmavíkur við önnur embætti á Vestfjörðum og við landið í heild.

Samkvæmt gildandi samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun er gert ráð fyrir úrbótum á þessum sviðum á Vestfjörðum. Óvissa er um nákvæma tímasetningu verkefna en miða má við árabilið 2018 til 2020 sé þeim að mestu lokið, nema að aukið fjármagn verði sett til þeirra.

FV telur því mikilvægt að framlög til lögregluembættis á Vestfjörðum verði augin við gildistöku laganna m.t.t. að mæta þeim auka tilkostnaði sem staða samgöngukerfa á Vestfjörðum leiðir af sér.

Athugasemdir við einstaka lagagreinar.

3. gr, vísan til 2. mmg, um mörkun umdæmismarka lögregluumdæma.  
Að gerð verði breyting á málsgreininni og sett verði í lög að samráð skuli haft við landshlutasamtök sveitarfélaga auk hins tilgreinda samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Marka má af frumvarpinu að umdæmismörk lögregluumdæma, fylgi í meginatriðum skilgreindum starfssvæðum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Við yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga hafa landshlutasamtök sveitarfélaga tekið við verkefnum sem unnin er á svæðisvísu og jafnframt unnið á svæðisvísu að samstarfsverkefnum með ráðuneytum og stofnunum þeirra.

Með frumvarpinu er stefnt að eflingu lögreglunnar og telja verður eðlilegt að tryggð sé aðkoma landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga að umfjöllun um skipan mála á svæðisvísu.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.